

Nd.

158. Frumvarp

til laga um loftskýttatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskýttanotkun íslenskra veiðiskipa.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskýttatæki. Nú hefir botnvörpuskip eigi slík tæki, og skulu þau þá sett í skipið eigi síðar en í árslok 1931.

2. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskýtti séu eigi notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

3. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfélags á Íslandi, sem hefir skip með loftskýttatækjum við veiðar hér við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skýttasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hér við land, eða milli íslenskra veiðiskipa innbyrðis. Það er talið dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skýtti mál í óvenjulegri merkingu.

4. gr.

Hver landssímastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip með loftskýttatækjum skulu hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit allra skýtta til eða frá íslenskum veiðiskipum.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju sliku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert í efni skeytisins sé ætlað til að stuðla að landhelgisbrotum, forða sökunaut við töku eða gefa veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna.

Á íslenskum loftskæptastöðvum og á hverju íslensku veiðiskipi með loftskæptatækjum skal rita í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu og í töluorð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskæptamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskæptastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll loftskæptaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skæptaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra loftskæpta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skæpta skipa á milli, er náðzt hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda dómsmálaráðuneytinu bækur þær, sem skæptin eru rituð í fyrir það ár.

Skæptabækur skipa og stöðva, sem og önnur skjöl, er snerta eftirlitið með loftskæptanotkun veiðiskipanna, skal skylt að láta sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar.

5. gr.

Nú verður útgerðarstjóri, skipstjóri eða einhver, sem hagsmuna hefir að gæta við útgerð skipsins, sannur að sök um brot gegn 2. eða 3. málsg. 4. gr., eða útgerðarstjóri um brot gegn 3. gr., og varðar það 3—15 þús. króna sekt og ábyrgist útgerð skipsins greiðsluna; en auk þess skal skipstjóri, sem sannur verður að því, að hafa notað loftskæpti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgisbrot, í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt.

Brjóti einhver gegn 1. málsg. 4. gr., eða verði að öðru leyti einhver brotlegur gegn 4 gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsg., sæti hann sektum frá 500—10000 kr.

6. gr.

Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri hér á landi eða skipstjórnarmaður á veiðiskipi hafi notað loftskæpti í þeim tilgangi að fremja landhelgisbrot eða stuðla að því, að það gæti orðið framið, eða sá, sem sekur er um slíkt brot, geti sloppið undan lagaaðförum, og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn, er hlut eiga að máli, rétti til loftskæptaskipta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins eða lögreglustjóra, sem eftirlit hefir verið falið, og ráða þessir aðilar þá orðalagi og formi slikra skæpta. Samskonar eftirliti skulu þeir háðir, er sekt hefir fallið á eftir 5. gr.

7. gr.

Ákvæði þessara laga koma ekki til framkvæmda þegar skip er statt í neyð eða þegar um björgunarskeyti er að ræða.

8. gr.

Að öðru leyti en því, sem hér er tekið fram, skal farið með mál út af brotum gegn lögum þessum eins og opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram eftir ósk dómsmálaráðherra og styðst auk þess við margendurteknar óskir fiskimanna hvaðanæva af landinu um auknar varnir landhelginna og ráðstafanir til varnar því, að íslensk botnvörpuskip eða útgerðarmenn þeirra geti vitalaust misnotað loftskýti til leiðbeiningar fyrir lögbrjóta.

Frv. hefir verið borið fram á þrem undanförnum þingum og ýmist dagað uppi eða fallið. Mótstaðan gegn því hefir aðallega verið frá eigendum íslenskra togara, en auk þess hafa ýmsir ánetjast í þeirri villukenningu, að með einfaldri stjórnarráðstöfun, byggðri á lögum nr. 82 1917, mætti ná sama takmarki sem með lögfestingu á fyrirmælum frumvarpsins.

Að vonum hafa einstakir þingmenn og fleiri, sem um málið hafa fjallað, eigi áttað sig til fulls á því, hve veik og villandi rökin gegn frv. hafa verið, en þess verður að vænta, að fyllri skýringar á þessu nauðsynjamáli alþjóðar leiði til lögfestingar frv.

Eftirfarandi athugasemdir hefir ráðherra látið fylgja frv.:

„Andstæðingar stjórnarinnar hafa í þessu máli borið fyrir sig álit lands-símastjóra, Gísla Ólafsonar, að hann teldi frv. þetta óþarft o. s. frv. Pétur Magnússon hélt þessari skoðun landssímastjóra mjög á lofti síðastliðið vor á framboðsfundi á Vestfjörðum. Til þess að láta landssímastjóra fá tækifæri til að rökstyðja skoðun sína frammi fyrir borgurum landsins var honum sent eftirfarandi bréf frá dómsmálaráðuneytinu 24. júlí f. á.:

„Pétur Magnússon hæstaréttarmálaflutningsmaður hélt því fram á lands-málafundum á Vestfjörðum við síðasta landskjör, að öryggi gegn misnotkun loft-skeyta við botnvörpuveiðar í landhelgi væri hægt að ná vel með stjórnarframkvæmdum án þess að lög um þetta efni kæmu til, og hefði þess vegna frumvarp það að þessu lútandi, er stjórnin lagði fyrir Alþingi, verið óþarft.

Taldi hann yður, herra landssímastjóri, lita svo á þetta mál. Af þessum ástæðum er þess hér með beiðzt, að þér bendið á leiðir, er fara mætti til þess að ná téðum árangri með stjórnarframkvæmdum.

Svar yðar væntist hið fyrsta.

F. h. r.

E. u.

(sign.) Gissur Bergsteinsson“.

Landssímastjóri svaraði aftur með bréfi því, er hér fylgir:

„Út af bréfi hins háa dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 24. f. m., skal ég leyfa mér að geta þess, að ég hefi ekki látið uppi álit mitt um þetta mál við aðra en sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis, enda ekki aðrir um það spurt, en henni tjáði ég, að ég liti svo á, að stjórnin hefði, samkvæmt lögum nr. 83, 14. nóvember 1917, fortakslausa heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem henni þókn- aðist til að reyna að koma í veg fyrir misbrúkun loftskipta.

Gísli J. Ólafson“.

Málið stóð þá þannig um mitt sumar. Nótt tók að dinna, og freistingin og aðstöðumöguleikinn fyrir suma eigendur íslensku veiðiskipanna, að gefa þeim bendingar á dulmáli um það, hvar varðskipin væru á hverjum tíma, og þess vegna hvar óhætt væri að fara inn í landhelgina. Alþingi hafði ályktað, að það þyrfti ekki að bæta löggjöfina, af því að landssímastjóri hafði sagt, að „allt væri í lagi“.

En því miður hafði landssímastjóri í áætlunum sínum og ráðagerðum farið æðilangt út fyrir verksvið símans og út fyrir takmörk reynslu sinnar. Þess vegna varð veruleikinn nokkuð annar heldur en þeir menn höfðu búizt við, sem héldu, að ráð hans væri hin fullkonnasta vízka um það, hvernig verja skyldi íslenska landhelgi fyrir svíksamlegri áleitni íslenskra veiðiskipa.

Nokkru eftir áramótin hélt dómsmálaráðherra fund með hreppsnefndunum á Sandi og í Ólafsvík til að ræða um ágang þann, er þessar verstöðvar hafa af togurum, og hversu úr mætti bæta. Á fundinum á Sandi 1. febr. 1931 segir nefndin:

„Togarar byrja veiðar á Ólafsvík strax og fer að dimma af nóttu (sept.) þegar togarar byrja ísfiskveiðar. . . . Nefndin lét í ljós þá skoðun, að meðan var hér eitt danskt varðskip, hafi gæzlan verið sama sem engin, hafi hún skánað er Óðinn kom, og síðan farið stórbatnandi eftir komu Ægis, enda hafi gæzlan á vikinni aldrei verið betri en í haust“.

Daginn áður, 31. jan., sögðu hreppsnefndarmenn í Ólafsvík á fundi þar:

„Ennfremur skýrðu hreppsnefndarmenn svo frá, að ef togarar væru að veiðum við Öndverðarnes í febrúar og marzmánuði, stöðvuðu þeir allar fiskigöngur inn á Breiðafjörð. Einróma álit sjómanna hér er, að gæzlan hafi verið miklu lakari, er Fylla var hér ein við strandvarnir; einnig er það einróma álit þeirra, að vikin hafi verið vel varin í haust“.

Síðan bæta hreppsnefndarmennirnir við:

„Í vetur sáust margir togarar hér á vikinni á þeim tíma, er hér greinir:

I. Meðan varðskipin voru að leita að togaranum „April“. Oddviti leigði bát frá Sandi með 4 mönnum, og ráku þeir 3—4 togara úr landhelginni; en vegna þess að veður fór versnandi, náði báturinn eigi lendingu og varð að liggja úti um nóttina og var mönnunum stofnað í lifsháska. (Báturinn „trillubátur“). Ágangur togaranna hélzt allan leitartímann.

II. Á jólanóttina sáust 6—7 togarar á vikinni. Var þá símað til Reykjavíkur, og hurfu þeir áður en varðskipið Óðinn kom á vettvang.

III. Meðan Ægir var að leita að skipinu Ulv í tvær nætur. Um kl. 4, er fiskibátar fóru til róðurs, sáu þeir mörg skip ljóslaus; er fyrsti báturinn kom út, virtist

einn togarinn höggva af sér veiðarfærin, en hinir lögðu á flóttu. Öll þessi skip voru ljóslaus, svo að engin einkenni sáust“.

Rétt er að geta þess, af því að á tveimur fjölmönnum landsmálafundum í Ólafsvík og Sandi var skipstjóra og yfirmönnum á varðskipinu Ægi þökkuð ágæt framganga við að verja landhelgina. Þetta er þýðingarmikið atriði, af því að blöð þess flokks, er stendur með hinum brotlegu togaraeigendum, hafa gert sitt ítrasta til að ófrægja skipstjóra og yfirmenn á Ægi, eins og þeir væru ekki gagnlegir við landhelgisgæzluna.

Litlu síðar var fundur 25 hreppsnefndarmanna úr Gullbringusýslu haldinn í Keflavík til að ræða um landhelgismálið. M. a. sem þar kom fram, þar oddviti Gerðahrepps, hr. Guðm. Þórðarson, að í vetur, meðan varðskipin voru að leita að „April“, hafi togararnir margir verið að veiðum í Garðsjó, ekki eingöngu að nóttunni til, heldur líka um hábjartan dag. Við réttarrannsókn, sem hafin er út af þessu athæfi, hefir komið í ljós, að togarar þessir hafa fyrir utan annan skaða eyðilagt ca. 70 net fyrir útvegsbændum í Garði. Ennfremur hefir sannazt, að frá ónefndum „velgerðamönnum“ Garðhúa í Reykjavík hefir verið útdeilt einhverri peningaupphæð milli þeirra manna, sem sárast hafa orðið úti í þetta eina sinn af framferði veiðipjófanna. Er helzt að sjá, að einhverjir góðir borgarar í Reykjavík hafi fundið til í þetta sinn, líkt og valurinn, þegar hann er að höggva hjarta rjúpunnar.

Á fundinum í Keflavík var staddur hr. Pálmi Loftsson útgerðarstjóri. Garðbúar höfðu staðið í símasambandi við hann meðan varðskipin voru að leita að April. Nú kom í ljós, er borin var saman skeytasending hans til varðskipanna og reynsla Garðbúa, að hinir brotlegu togarar höfðu farið burtu úr Garðsjónum einum degi áður en þeir „þurftu“, af því að útgerðarstjórinn hafði sent varðskipunum tvírætt skeyti, sumpart á mæltu máli og sumpart á dulmáli, þegar fór að liða á leitartímann. Óvissan um síðasta sólarhringinn af leitartímanum varð þess valdandi, að togararnir fóru hurt úr Garðsjó svo snemma, að enginn möguleiki væri til, að varðskipin hittu þá þar í það sinn, er þau kæmu úr leitinni.

Ef athugaður er framburður fulltrúa útgerðarmanna og sjómanna í þessum verstöðvum, kemur í ljós, að gæzlan er stöðugt að batna, og mest eftir að Ægir kom, einmitt það skipið, er blöð togaraeigenda hafa sífeldlega ráðizt á. Mismunurinn á vitnisburði sjómanna og blaða togaraeigenda sýnir glöggst undirstraumana í málinu. Sjómenn og útgerðarmenn í verstöðvunum eru þakklátir skipstjóra, sem leggur hina mestu orku í starf sitt. Útgerðarmenn, sem vilja geta haft togara sína í landhelgi undir vissum kringumstæðum, eru á hinn bóginn sérstaklega mótfallnir sívinnandi og eljusómum skipstjóra, sem þeir vita, að leggur alla stund á að taka skip þeirra, ef þeir brjóta lögín.

Í öðru lagi er auðséð, að útgerðarmenn í Reykjavík halda nákvæman vörð um hreyfingar varðskipanna og gefa skipstjórum bendingar eftir því. Vitnisburður sjómanna í Garði og Ólafsvík er samhljóða um það, að veiðiskipin vaða uppi dagana sem varðskipin eru að leita að April. Í Garðinum fiska þeir um hábjartan dag, meðan þeir vita, að skipin eru langt sunnan við land. Og eftir að spellvirkjar þessir eru þannig búnir að ræna fátæka fiskimenn í Garði, þegar þeir eru varnarlausir, af því verið er að vinna miskunnarverk gagnvart aðstand-

endum einnar skipshafnar í togaraflotanum, þá kemur á eftir vesöl fémúta til þeirra innan úr Reykjavík frá ónefndum velgerðarmönnum. Sagan úr Ólafsvík er engu síður þer. Þrem sinnum á vetrinum er farið í landhelgina. Í öll skiptin getur hreppsnefndin gert grein fyrir, hvers vegna skipin fara inn einmitt þá. Í tveim tilfellum er verið að leita að sjómönnum í sjávarháaska. Á meðan síma menn, sem sitja inni í mjúkum sætum í hlýjum stofum í Reykjavík, að-óhætt sé að ræna í Ólafsvík þá nótt.

Eitt allra gleggsta dæmi er sagan frá Ólafsvík á jólanóttina. Það hefir verið venja, ef ekki hefir verið um sérstök atvik að ræða, að varðskipin væru til skiptis inni um jólin og nýárið. Hefir það þótt sjálfsögð mannúðarskylda gagnvart starfsmönnum á þessum skipum, sem eru nálega allt árið burtu frá heimilum sínum, að þeir gætu komið til vandamanna sinna um nýárið eða jólin. Líka mátti gera ráð fyrir í vel kristnu landi, að veiðiskip Íslendinga hlífðust við að ræna landhelgina á jólanóttina. Nú í vetur var Ægir inni á jólanóttina, en Óðinn um nýárið. Eftir reglunni ætti Óðinn nú í ár að vera inni um jólin, en Ægir um nýárið. Óðinn var um jólin á sveimi úti fyrir Vestfjörðum og sást eitthvað úr sumum þorpunum þar. Njósni um þetta hefir verið sínuð til Reykjavíkur. Engir togarar ónáðuðu þá Djúpmenn eða Arnfirðinga. En á jóladagsmorgun barst dómsmálaráðuneytinu skeyti frá oddvitanum í Ólafsvík, um að á jólanóttina hafi margir togarar látið greipar sópa um Víkina. Óðni var um leið sent skeyti. En þá vara eigendurnir aftur við, og veiðipjófarnir heimsækja þá litlu síðar landhelgina úti fyrir Bolungavík.

Þessi dæmi sýna ásóknina í landhelgina. Þau sýna, að engin tillit til drengskapar eða helgra daga hindra landhelgisbrotin. Ef loftskeyti hefðu ekki verið misnotuð, myndi Gærðsjór og Ólafsvík hafa verið í friði, þó að Óðinn og Ægir væru að leita dauðaleit að skipshöfninni af April. Ef ekki hefðu verið njósningar á Vestfjörðum, er gerðu aðvart yfirmönnum sínum í Reykjavík, og þeir aftur sent skipun til togara sinna, myndi Ólafsvíkin hafa verið í friði á jólanóttina. Skeytasending um landhelgisveiðar er vitanlega mikil tekjugrein fyrir landssímann, því að stundum ganga 9–10 skeyti á dulmáli á einni nótt milli útgerðar og veiðiskips. Svo fjörug viðskipti þyrftu varla að eiga sér stað, ef skipið væri að fiska á almenningsmiðum.

Nauðsyn almennings krefst þess, að þessi þjóðarskömm haldist ekki lengur við. Ríkið kostar fram undir 700 þús. kr. árlega til landhelgisvarna. En á sama tíma reynist það ofurefli fyrir heilan hóp af fulltrúum þjóðarinnar að rétta þrem sinnum upp hendina við atkvæðagreiðslur til að verja atvinnu þúsunda af varnarlausum sjómannaheimilum fyrir myrkraverkum eins og þeim, sem nú hefir verið lýst.

Öllum, sem höfðu nokkra reynslu um erfiðleika landhelgisvarnanna, þar sem við þá spillingu er að etja, sem nú var lýst, hefir verið það ljóst, að Alþingi varð að semja sérstaka verndarlöggjöf móti misnotkun loftskeytanna. En menn, sem ekki voru þessu kunnugir, hafa stundum látið villa sér sýn í þessu máli og haldið, að hægt væri að komast af án slíkrar verndar frá hálfu löggjafans. Til þess að sýna þeim mönnum, hve veikur sá grundvöllur er, hefir dómsmálaráðuneytið falið einum af helztu lögfræðingum landsins að kryfja til mergjar hinn

órökstudda framslátt Gísla Ólafssonar landssímastjóra, sem einstaka menn ókunnugir málavöxtum, eins og hr. Pétur Magnússon, hafa fram að þessu látið villa sér sýn. Fylgir lögskýring sú hér á eftir. Og þegar hún hefir verið athuguð í ljósi undangenginnar reynslu um miður drengilega framkomu sumra íslenzkra veiðiskipaeigenda, þá munu væntanlega verða fáir menn í landinu aðrir en þeir, sem standa beinlínis að brotlegum togaraeigendum, sem neita því, að frv. þetta bæti úr mikilli nauðsyn fiskimanna á Íslandi“.

Gagnrýning á skoðun landssímastjóra er sem hér segir:

„Á Alþingi 1930 var frumvarp til laga um loftskeytataeki á botnvörp skipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með því að landsstjórnin hefir í gildandi löggjöf næga heimild til eftirlits með loftskeytum, þykir ekki þörf nýrrar lagasetningar um þetta, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá“.

Með löggjöf þeirri, sem talað er um í dagskránni, er átt við lög nr. 82 frá 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og reglugerð nr. 32 frá 17. maí 1918, sem sett var samkvæmt þessum lögum. Landssímastjóri mun og hafa látið það álit sitt í ljós við sjávarútvegsnefnd neðri deildar á Alþingi 1930, að ríkisstjórnin hefði samkvæmt þessum fyrrnefndu lögum fortakslausa heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem henni þóknast, til að reyna að koma í veg fyrir misbrúkun loftskeyta. Landssímastjóri hefir og staðfest þetta álit sitt í bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1930.

Til þess að athuga, hvort rétt sé skýrt frá í hinni fyrrnefndu rökstuddu dagskrá, og hvort álit landssímastjóra hafi við rök að styðjast, þarf að bera saman fyrirmæli laga 82/1917 og reglug. 32/1918 við ákvæði frv. um loftskeytanotkun veiðiskipa. Sá samanburður skal nú hér gerður, og ályktun af þeim samanburði síðan dregin.

Þess er fyrst og fremst að geta, að frv. um loftskeytanotkun veiðiskipa hefir ákvæði í 1. gr. um skyldu botnvörpunga til að hafa fullkomin loftskeytataeki. Hér er um algert nýmæli að ræða, sem hvorki finnst í lögum 82/1917 né reglug. 32/1918, enda snerta þessi ákvæði hvorki beinlínis rekstur né eftirlit með loftskeytum.

Lögin 82/1917 heimila að setja reglugerð um þráðlausar firðviðskiptastöðvar. Þar er og sagt, að ráðuneytið geti bannað öll þráðlaus firðviðskipti innan íslenzkrar landhelgi „og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt“.

Samkvæmt þessu var sett reglugerð 32/1918. Í 2. gr. reglug. eru fyrirmæli um það, að enginn megi setja upp loftskeytastöðvar á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi og á skipum innan landhelgi, nema með sérstöku leyfi, og ef leyfisskilyrðum er ekki fullnægt, má afturkalla leyfið og taka stöðina niður.

Í 19. gr. sömu reglug. er heimild fyrir ráðuneytið að banna öll loftskeytaviðskipti innan íslenzkrar landhelgi, bæði frá ísl. og erlendum skipum, og ráðuneytinu heimilað að gera þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt. Og í sömu gr. er loks ákveðið, að ráðuneytið geti látið hafa

eftirlit með öllum loftskeytum, „sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins“.

Í 20. gr. reglug. er svo ákveðið, að brot gegn fyrirmælum reglug. varði sektum, allt að 10000 kr., eða allt að 6 mánaða fangelsi, ef afbrotið valdi ekki þyngri refsingu. Óleyfileg gerð eða notuð tæki skulu upptæk.

Þó að lög 82/1917 og reglug. 32/1918 heimili nokkurt eftirlit með loftskeytastöðvum yfirleitt, sbr. fyrirsögn laga 82/1917, þá er það þó bersýnilegt, að tilgangurinn með þeim fyrirmælum, sem þar er að finna, beinist alls ekki að loftskeytanotkun veiðiskipa. Þetta er og næsta eðlilegt. Þegar löggin frá 1917 voru sett, mun ekkert islenskt veiðiskip hafa haft loftskeytaútbúnað. Sá útbúnaður kom síðar til sögunnar. Og löggin frá 1917 og reglug. 1918 beinast sýnilega aðallega að því, að hindra skeytanotkun, sem „geta verið skaðleg velferð landsins“, og þar átt við rikismálefni yfirleitt, en ekki eftirlit með landhelgisgæzlu.

Aftur á móti beinist frumv. um loftskeytanotkun veiðiskipa **eingöngu** að því, að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta í sambandi við ólöglegar landhelgisveiðar. Þess vegna er í frv., auk skyldunnar til þess að hafa fullkomin loftskeytataeki á öllum botnvörpuskipum, farið fram á það, að lögleiða þau **nýmæli** 1) að allir isl. útgerðarmenn, sem hafa skip með loftskeytataekjum við veiðar hér við land, skuli skyldir að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarmanns og veiðiskipa, eða islenskra veiðiskipa innbyrðis, 2) að landssimastöð og hvert isl. veiðiskip með loftskeytataekjum skuli hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit slikra skeyta, 3) að hver sá, sem skeyti sendir til eða frá veiðiskipi, skuli undirrita á skeytið drengskaparvottorð um, að skeytinu sé ekki ætlað að stuðla að landhelgisbroti, forða sökumaut við töku eða gefa bendingu um ferðir varðskipa, 4) að skrá skuli í sérstaka bók á loftskeytastöðvum og veiðiskipum öll skeyti til og frá skipunum í töluröð, með nákvæmri stund og dagsetningu, 5) að loftskeytamenn varðskipa og starfsmenn loftskeytastöðva í landi skuli skyldir að bókfæra öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land, 6) að landssimastjóra skuli senda frumrit allra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og skrásetningarbækur skuli senda dómsmálaráðuneyti, og að öll þessi skjöl séu látin sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar, 7) að refsa megi útgerðarstjóra, skipstjóra eða öðrum, sem hagsmuna hafa að gæta og reynzt hafi sannir að sök um brot á fyrirmælunum, með 3—15 þús. kr. sekt, 8) að útgerð skips ábyrgist slíka sektargreiðslu, 9) að skipstjóri, sem reynzt hafi sannur að sök um misnotkun loftskeyta í þessu skyni, skuli í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár og í annað sinn missa skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt, og 10) að svipta megi útgerðarstjóra eða skipstjórnarmenn rétti til loftskeytaskipta milli lands og veiðiskipa.

Öll þessi 10 atriði, sem nú hafa verið talin upp úr frv. eru nýmæli, sem hvorki fyrirfinnast í lögum frá 1917 né reglugerð frá 1918. Og öll þessi nýmæli hafa það sammerkt, að þau miða að því að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta í þágu landhelgisbrota. En eldri lög og fyrirmáli um rekstur loftskeytastöðva höfðu engin sérstök ákvæði að geyma, sem sérstaklega miðuðu að þessu.

Niðurstaðan af þessari athugun verður því sú, að lög 82/1917 og reglugerð 32/1918 séu

ekki að neinu sérstöku leyti sett til þess að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta á veiðiskipum, og hafi því að sáralitlu leyti í sér fólgin ákvæði, sem hægt sé að beita sérstaklega í því skyni. Aftur á móti er frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa sérstaklega flutt til þess, eins og fyrirsögn þess ber með sér, að koma í veg fyrir slíka misnotkun, enda er í frv. að finna mörg nýmæli, er miða að þessu marki“.